

Rut Ingólfssdóttir, fiðluleikari,
Kvoslæk II,
861 Hvolsvelli

1. febrúar 2018

Sveitarstjórn
Rangárþings ytra,
b.t. Ágústs Sigurðssonar sveitarstjóra,
850 Hellu.

Þessar vikurnar er mikið sungið og æft í Rangárþingunum báðum, enda stendur mikið til. Í marsmánuði, á föstu, verður efnt til þrenna tónleika í kirkjum sveitarfélaganna þar sem kirkjukórar, organistar, einsöngvarar stilla strengi sína við mína fiðlustrengi.

Verkefnið ber heitið *Bach í þremur kirkjum*.

Miðvikudaginn 7. mars kl. 20.00 verða fyrstu tónleikarnir í Krosskirkju í Landeyjum, þ. 14. mars verða tónleikar í Hlíðarendakirkju í Fljótshlíð og þ. 21. mars í Oddakirkju á Rangárvöllum.

Megintilgangur minn með þessari hugmynd er að kynna þátttakendum og heimamönnum stórkostlega tónlist Johanns Sebastians Bachs. Verkin sem flutt verða eru sálmar í útsetningu Bachs ásamt mesta stórvirki tónlistarsögunnar fyrir einleiksfiðlu, Partitu í d-moll, en síðasti kaflinn er eitt þekktasta verk fiðlubókmenntanna, Ciacconne.

Guðjón Halldór Óskarsson, organisti Breiðabólstaðarsóknar hefur fundið til raddsetningar og íslenska texta sálmanna. Hann leiðbeinir einnig og stjórnar æfingum kirkjukóranna sem nú æfa allir saman. Á tónleikunum mun kór hverrar kirkju fyrir sig syngja. Kristín Sigfúsdóttir, organisti Oddasóknar og Haraldur Júlíusson, organisti Landeyjasóknar, æfa einnig kórana, sem samtals telja 40-50 manns.

Auk þess að leika á fiðluna hef ég umsjón með nótum og textum fyrir einsöngvarana sem eru Aðalheiður M. Gunnarsdóttir sópran, á Kirkjulæk, Sigríður Aðalsteinsdóttir alt, á Hellu og Bjarni Guðmundsson bassi, á Hvolsvelli.

Organistarnir og ég skiptum með okkur verkum við kynningu, efnisskrá o. fl.

Aðgangur verður ókeypis.

Samtök sunnlenskra sveitarfélaga veitti þessu verkefni styrk.

Fyrir hönd hópsins sækir ég um 200.000 kr. styrk frá sveitarstjórn Rangárþings ytra vegna tónleikahaldsins.

Virðingarfyllst

Rut Ingólfssdóttir
310745-4569
Kvoslæk II